



Ræða

Más Guðmundssonar seðlabankastjóra.

Flutt á 57. ársfundi Seðlabanka Íslands, 5. apríl 2018.

Forseti Íslands, forsætisráðherra, aðrir ráðherrar, forseti Alþingis, bankastjórar, sendiherrar erlendra ríkja og aðrir góðir gestir!

Góður gangur hefur verið í þjóðarbúskapnum á undanförunum misserum. Það er full atvinna og gott betur enda hefur þurft að flytja inn mikið af vinnuafli til að standa undir efnahagssumsvifum. Nokkuð hefur þó dregið úr hættu á ofhitnun þjóðarbúskaparins frá því sem var fyrir um ári síðan þar sem framleiðsluspenna hefur minnkað og markaður fyrir íbúðarhúsnæði er minna þaninn en þá var.

Þar til í síðasta mánuði hafði verðbólga verið nálægt en undir markmiði Seðlabankans í samfelld fjögur ár. Verðbólguvæntingar hafa að undanförunum verið við markmið á flesta mælikvarða. Það er þessi þróun sem gerði Seðlabankanum kleift að lækka vexti um 0,75 prósentur frá því við komum síðast saman á ársfundi. Lækkun verðbólguvæntinga í markmið og síðar traustari kjölfesta þeirra við markmiðið endurspeglar mikinn árangur sem peningastefnan hefur skilað á undanförunum misserum. Nýlega birti aðalhaffræðingur bankans rannsóknarritgerð sem gerir grein fyrir þessum árangri en þar kemur einnig fram að hjöðnun verðbólgunnar frá árinu 2012 í markmið snemma árs 2014 var á sínum tíma nánast kostnaðarlaus að hluta vegna aukins trúverðugleika stefnunnar.¹ Mikilvægt er að ef gerðar verða breytingar á ramma peningastefnunnar á komandi misserum verði þess gætt að spilla ekki þessum árangri.

Ein meginástæða minni spennu í þjóðarbúinu er að hagvöxtur hefur minnkað frá hátoppi sínum á árinu 2016 og nálgast nú þann vöxt sem talinn er til lengdar geta samrýmst jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Að baki minni hagvexti býr minni vöxtur útflutnings enda ekki við því að búast að ferðaþjónusta gæti vaxið yfir lengra tímabil á þeim hraða sem raunin var fyrir nokkrum misserum. Þá hefur hægt verulega á bata viðskiptakjara. Þetta þýðir að búhnykkirnir sem gerðu okkur mögulegt að vaxa hratt og halda verðbólgu lítilli á sama tíma eru nú að fjara út. Hækkun gengis krónunnar átti stóran þátt í að laga þjóðarbúið að þessum búhnykkjum. Seðlabankinn beitti hins vegar innngripum á gjaldeyrismarkaði og sérstakri bindingu á fjármagnsinnstreymi til að koma í veg fyrir ofris krónunnar.

¹ Þórarinn G. Pétursson (2018), „Disinflation and improved anchoring of long-term inflation expectations: The Icelandic experience“, Seðlabanki Íslands *Working Paper* nr. 77. Ítarlega er einnig fjallað um bættan árangur peningastefnunnar í Seðlabanki Íslands (2017), „Peningastefna byggð á verðbólgu markmiði: Reynslan á Íslandi frá árinu 2001 og breytingar í kjölfar fjármálakreppunnar“, *Sérriit* nr. 11. Sjá: www.seðlabanki.is

Nú er hins vegar svo komið að umtalsverð frekari hækkun raungengis væri áhættusöm.

Vextir eru um þessar mundir lágir hér á landi í sögulegu samhengi, sérstaklega að teknu tilliti til hagsveiflunnar. Verðtryggðir vextir ríkisbréfa hafa með einni skammlífrni undantekningu aldrei verið lægri og verðtryggðir vextir íbúðalána eru í sögulegu lágmarki. Frá því vextir Seðlabankans urðu mikilvægt stjórnþæki bankans í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar hafa þeir aldrei verið lægri ef frá er skilið stutt tímabil snemma á þessum áratug þegar Ísland var á allt öðrum stað í hagsveiflunni en það er nú. Það þarf því að horfa á það raunsæjum augum hvort vænta megi frekari lækkunar vaxta ef ekki myndast beinlínis slaki í þjóðarþúinu. Vextir Seðlabankans á komandi mánuðum og misserum ráðast af framvindunni og í því efni getur brugðið til beggja vona.

Þegar við komum saman til ársfundar Seðlabankans fyrir ári síðan var nýbúið að losa fjármagnshöft að verulegu leyti. Eins og við mátti búast jukust sveiflur í gengi krónunnar í framhaldinu. Það ástand var hins vegar skammvinnnt og mjög dró úr skammtímasveiflum gengisins á síðari helmingi ársins. Síðustu mánuði hafa skammtímasveiflurnar reyndar verið litlar í sögulegu og alþjóðlegu samhengi. Seðlabankinn hefur verið óvirkur á gjaldeyrismarkaði undanfarna mánuði sem styður þá ályktun að betra jafnvægi í gjaldeyrisstraumum liggi að baki minna gengisflökti.

Fyrirliggjandi spár fela í sér áframhaldandi ágætan hagvöxt og „mjúka lendingu“ þjóðarþúsins. Þessar horfur eru hins vegar óvissar og ýmis áhætta gæti raungerst bæði innanlands og utan landsteinanna, en óvissuna er ekki síður þar að finna um þessar mundir. Þá er mikilvægt að töluvert svigrúm er í vaxtastiginu og stórum gjaldeyrisforða til að bregðast við óhagstæðri þróun. Það svigrúm verður því meira sem langtíma verðbólguvæntingar haldast betur við markmið. Það er auðvitað eitt helsta verkefni peningastefnunnar að stuðla að því að svo geti verið. Ef hins vegar aðrar ákvarðanir sem hafa áhrif á kostnaðarstig og eftirspurn í þjóðarþúskapnum toga í aðra átt gæti slíkt reiptog hækkað raungengi frekar og haft neikvæð áhrif á atvinnustig.

Ágætu fundargestir. Þótt fjármagnshöft hafi að langmestu leyti verið losuð í mars á síðasta ári eru enn í gildi nokkrar takmarkanir á fjármagnshreyfingum sem lúta annars vegar að aflandskrónum og hins vegar afleiðuviðskiptum með krónu í spákaupmennskuskyni og önnur viðskipti sem grafið geta undan virkni hinnar sérstöku bindiskyldu á fjármagnsinnstreymi á skuldabréfamarkað og í hávaxtainnstæður.

Til að losna undan núverandi undanþágum alþjóðasamninga um óheftar fjármagnshreyfingar, bæði gagnvart EES og OECD, þarf að afnema þessar takmarkanir og er eðlilegt að að því verði stefnt svo fljótt sem auðið er. Það er mat Seðlabankans að efnahagslegar forsendur séu til að taka lokaskrefið í losun fjármagnshafta. Það á líka við um aflandskrónur en þær nema nú um 3½% af landsframleiðslu en voru rúm 40% eftir að fjármagnshöft voru fyrst sett á undir árslok 2008. Það verður hins vegar ekki gert nema með lagabreytingu.

Seðlabankinn telur að ekki séu enn forsendur til að hefja lækkingu hinnar sérstöku bindiskyldu á fjármagnsinnstreymi á skuldabréfamarkað og í hávaxtainnstæður. Vaxtamunur gagnvart útlöndum er enn mikill þótt hann hafi minnkað töluvert síðan bindiskyldan var sett á í júní 2016. Í ljósi hás raungengis er þetta ekki heppilegur tími til að taka áhættu af frekari hækkun raungengis umfram það sem undirliggjandi efnahagsaðstæður gefa tilefni til. Gangi spár eftir munu aðstæður til að lækka bindiskylduna batna á komandi misserum þar sem búist er við að spenna haldi áfram að slakna hér á landi og að vextir í umheiminum fari hækkandi.

Þegar sérstaka bindiskyldan var sett á voru enn umtalsverð höft á fjármagnsústreymi. Hún var að hluta til rökstudd með vísan til losunarferlis haftanna og voru nokkrar áhyggjur af því að aflandskrónur sem færu út í áformuðu útboði Seðlabankans í júní 2016 kæmu strax inn aftur í nýjum vaxtamunarstöðum. Það skýtur einnig nokkuð skökku við að opna fyrir umtalsverð vaxtamunarviðskipti áður en því sem kom inn í síðustu hrinu hefur verið hleypt út. Hins vegar gæti verið heppilegt tilefni til endurskoðunar á bindiskylduhlutfallinu og til hvaða eigna bindingin nær í tengslum við endanlega losun útlæðishafta.

Stór gjaldeyrisforði sem að mestu er fjármagnaður með innlendu fé á annars vegar rætur að rekja til þeirrar stefnu að byggja upp gjaldeyrisforða í æskilega stærð til að draga úr áhættu við losun fjármagnshafta á síðustu árum og hins vegar til þeirra búhnykkja sem gerðu það mögulegt án erlendra lántöku. Þessi uppbygging átti sér stað á mjög stuttu tímabili þegar gjaldeyrisinnflæðið var hvað mest á árunum 2014-2016.

Í ræðu minni á síðasta ársfundi fór ég yfir þann ábata sem við höfum af forðanum og sem dreifist víða en jafnframt kostnaðinn sem fellur aðallega á Seðlabankann. Kostnaðurinn felst í neikvæðum vaxtamun þar sem forðinn er fjárfestur um þessar mundir á lágum vöxtum erlendis en samsvarandi vextir á krónuskuldum Seðlabankans eru mun hærri. Framreikningar sem gerðir voru á síðasta ári bentu til þess að afkoma bankans yrði af þessum sökum neikvæð um sem næmi um 18 ma.kr. á ári. Nýir útreikningar sýna að þetta tap hefur minnkað í 15 ma.kr. á ári, aðallega vegna minni gjaldeyrisforða og lægri vaxtamunar gagnvart útlöndum.

Seðlabankar verða ekki gjaldþrota í hefðbundinni merkingu þótt þeir hafi neikvætt eigið fé enda hafa margir virtir seðlabankar búið við það yfir lengri eða skemmri tíma. Ástæðan er sú að kaupmáttur forðans er óskertur gagnvart þeim tilgangi sem hann þjónar og seðlabankar gefa sjálfir út gjaldmiðilinn sem þeir greiða innlendan kostnað í. Eigi að síður getur verið óheppilegt að Seðlabankinn verði með verulega neikvætt eigið fé því það gæti grafið undan sjálfstæði hans og getu til þess að ná markmiði um verðstöðugleika. Á næstunni verður því gripið til margvíslegra aðgerða til að bæta afkomu bankans, þ.m.t. í gegnum óbeina þátttöku innlendra viðskiptabanka í kostnaði við forðann. Þá gæti komið til innköllunar hluta þess eigin fjár sem heimilt er að kalla inn frá ríkissjóði samkvæmt lögum.

Ágætu fundargestir. Mikið hefur áunnist við endurreisn bankakerfisins á traustari grunni en byggt var á fyrir fjármálakreppuna. Bankarnir einbeita sér fyrst og fremst að þjónustu við innlend heimili og fyrirtæki. Viðnámsþróttur þeirra er mun meiri nú en þá var. Þannig er eigið fé þeirra nokkru yfir mun hærri eiginfjárkröfum Fjármálaeftirlitsins en þeim sem gerðar voru fyrir fjármálakreppuna. Lausafjárstaða þeirra er einnig góð. Sama á við um stöðu lántakenda sem hefur gjörbreyst til hins betra.

Þessi góða staða bankakerfisins á verulegan þátt í þeirri niðurstöðu fjármálastöðugleikaráðs á fundum sínum að undanfögnu að fremur lítil hætta stöðjaði á heildina lítið að stöðugleika fjármálakerfisins. Ráðið hefur þó vissulega bent á áhættuþætti.

Einn slíkur áhættuþáttur er hátt verð íbúðar- og atvinnuhúsnæðis sem í samspili við lága vexti og töluvert veðrými gæti leitt til mun meiri skuldaaukningar en verið hefur að undanfögnu með hættu á bakslagi og auknum útlánatöpum í framhaldinu. Að hluta til hefur verið brugðist við þessari áhættu með því að Fjármálaeftirlitið setti á síðasta ári þak á veðhlutföll íbúðarhúsnæðis í framhaldi af greiningu og umræðum í kerfisáhættunefnd sem vinnur fyrir fjármálastöðugleikaráð og að fengnu álitu ráðsins. Áfram verður fylgst náið með þróuninni á fasteignamarkaði á þessum vettvangi og möguleg frekari beiting þjóðhagsvarúðartækja skoðuð.

Annar áhættuþáttur sem fjármálastöðugleikaráð hefur bent á er óvissa um framvinduna í ferðaþjónustu og möguleg áhrif bakslags í henni á stöðu bankakerfisins. Útlán til ferðaþjónustu námu í lok síðasta árs 9% af heildarútlánnum stóru bankanna en þar sem dregið hefur úr vexti þeirra að undanfögnu hefur þessi hlutdeild lítið breyst upp á síðkastið. Í samstarfi við Fjármálaeftirlitið framkvæmir Seðlabanki Íslands árlega álagspróf þar sem könnuð eru áhrif þjóðhagslegra áfalla á viðnámsþrótt viðskiptabankanna. Niðurstöðurnar eru birtar í haustútgáfu ritsins *Fjármálastöðugleika*. Í síðasta álagsprófi var gert ráð fyrir efnahagslegum samdrætti í viðskiptalöndum, lækkun verðs á helstu útflutningsvörum og töluverðri fækkun ferðamanna. Í þessari sviðsmynd myndu eiginfjárlutföll bankanna lækka að meðaltali um 3½ prósentu og verða nálægt núverandi eiginfjárkröfum Fjármálaeftirlitsins.

Þessir tveir áhættuþættir gætu hins vegar hæglega spilað saman. Í nýbirttri rannsóknarritgerð tveggja sérfræðinga Seðlabankans kemur fram að vöxtur í útleigu íbúðarhúsnæðis til ferðamanna í gegnum Airbnb hafi hækkað raunverð íbúðarhúsnæðis um 2% á ári síðustu þrjú árin og hafi skýrt um 15% af hækkun raunverðsins á þessu tímabili². Samdráttur í ferðaþjónustu getur því magnað upp lækkun húsnæðisverðs af öðrum orsökum. Áhrifin á bankakerfið yrðu þá meiri. Engu að síður er ólíklegt að þeir stæðu það ekki af sér en myndu líklega þurfa að nota eiginfjárauka sem til þess eru ætlaðir.

² Lúðvík Eliasson og Önnundur Páll Ragnarsson (2018) „Short-term renting of residential apartments, Effects of Airbnb in the Icelandic housing market“, Seðlabanki Íslands *Working Paper* nr. 76. Sjá: www.seðlabanki.is

Þetta vekur spurningu um hversu há eiginfjárlutföll bankanna eigi að vera. Samanlagt eigið fé að meðtöldum víkjandi lánnum nam 25% af áhættuvegnum eignum kerfislega mikilvægu bankanna þriggja í lok síðasta árs og svokallað vogunarlutfall var tæplega 17% en það mælir hreint eigið fé í hlutfalli við heildareignir án áhættuleiðréttingar. Samþykktar arðgreiðslur lækka eiginfjárlutfallið í 23½% og vogunarlutfallið í tæp 16%. Ætla má að þessar tölur lækki enn frekar á árinu vegna arðgreiðslna og breytinga á samsetningu eigin fjár. Hlutföllin eru vissulega nokkuð fyrir ofan eiginfjárkröfur Fjármálaeftirlitsins sem eru nálægt 20% fyrir stóru viðskiptabankana þrjá. Þá er þetta einnig töluvert fyrir ofan það sem tíðkast í helstu nágrannalöndum. Þannig er eiginfjárlutfall evrópskra banka af svipaðri stærð og þeir íslensku rúm 18% og vogunarlutfall um 8%. Þegar lítið er víðar um heim eru eiginfjárlutföllin í sumum tilfellum hærrí en í Evrópu. Þá telja ýmsir að raunverulegt eigið fé í evrópsku bankakerfi sé enn of lítið og því er það ekki endilega heppilegasti viðmiðunarpunktur fyrir íslenska banka. Eigi að síður er eitthvert frekara svigrúm til að lækka eiginfjárlutföll - og kannski enn frekar vogunarlutföll - með arðgreiðslum og breyttri samsetningu eigin fjár. Það er hins vegar varfærið af hálfu bankanna að hafa svokallað „stjórnendaálag“ ofan á lágmarkskröfur Fjármálaeftirlitsins enda gæti það grafið undan trausti á bankana að lenda undir þeim við minnsta mótblástur. Þá þurfa bankarnir að hafa í huga að svokallaður sveiflujöfnunarauki er nú 1,25% en fjármálastöðugleikaráð hefur boðað að hann geti hækkað í áföngum í 2,5% samhliða því að fjármálasveiflan fær frekari byr í seglin.

Við mat á æskilegu eigin fé banka verður að hafa í huga hver sé ábati og kostnaður þess. Stundum hefur umræðan um þetta efni á alþjóðavettvangi verið nokkuð villandi og að einhverju leyti lituð af þeim hagsmunum bankastjórnenda að hámarka eigin umbun með áhættutöku og með það að leiðarljósi að mögulegt tap lendi að hluta til á skattborgurum. Eigið fé er ekki dautt fé eins og stundum er gefið í skyn. Það er til ráðstöfunar til að fjármagna eignahlið efnahagsreikningsins, þar með talið útlán. Það er heldur ekkert lögmál til sem segir að bankar með meira eigið fé hafi minni útlánagetu enda hefur það verið staðfest með rannsóknum að þeir bankar sem bjuggu við meira eigið fé áttu auðveldara með að fjármagna sig í og eftir fjármálakreppuna og drógu minna úr útlánunum til viðskiptamanna sinna en hinir fyrir nú utan það að bara lifa af.

Flest fyrirtæki þurfa eigið fé enda eru bankar og aðrir lánveitendur yfirleitt óviljugir að lána fyrirtækjum sem eru án þess. En það koma einnig til sérstök sjónarmið varðandi banka. Þeir taka á móti lausum innstæðum sem eru hluti af greiðslumiðlun í hverju landi en eru um leið fjárfestar á eignarhliðinni til lengri tíma með tilheyrandi hættu á áhlaupum sem gætu gert þá ófæra til að standa við skuldbindingar sínar. Slík áhlaup tengjast oft óvissu um eigið fé bankanna. Hér koma seðlabankar til skjalanna sem lausafjárveitendur og lánveitendur til þrautavara en einnig innstæðutryggingar og annar viðbúnaður sem er hluti af opinberu öryggisneti bankakerfisins. En öryggisnetið skapar freistnivanda sem felst í því að tekin er of mikil áhætta á kostnað skattborgara. Þess vegna kemur til regluverk sem setur mörk á áhættu og eiginfjárkröfur til að draga úr líkum á

áhlaupum og að skattborgarar sitji uppi með reikninginn. Hversu háar þær þurfa að vera verður alltaf jafnvægislist því það er illmögulegt og heldur ekki æskilegt að þær séu svo háar að bankar verði nánast skotheldir.

Við megum ekki láta það blinda okkur varðandi þær miklu áskoranir sem bankarnir standa frammi fyrir að viðnámsþróttur þeirra sé mikill um þessar mundir. Þessar áskoranir lúta m.a. að hraðri tækniþróun, aukinni samkeppni við aðrar fjármálastofnanir og fyrirtæki sem bjóða greiðsluþjónustu og lán, aukinni reglubyrði, háu kostnaðarstigi, rekstraráhættu, netógnum og eignarhaldi. Það er auðvitað verkefni bankanna sjálfra og eigenda þeirra að glíma við þessar áskoranir sem eins og alltaf fela í sér bæði tækifæri og ógnanir. En löggjafinn og eftirlitsstofnanir hafa hér einnig hlutverki að gegna. Reglubyrði á ekki að vera meiri en þörf er á til að setja mörk á áhættu hverju sinni. Á sama tíma þarf að sjá til þess að regluverkið nái í þeim mæli sem við á til allra þjónustuaðila á fjármálamarkaði sem geta átt þátt í að skapa kerfisáhættu. Þá skiptir máli að neytendavernd sé vel sinnt því ella er hættu á að það skapist réttmæt óánægja og ósætti sem bitnar að lokum á trausti á allar fjármálastofnanir.

Eitt mikilvægt úrlausnarefni í þessu sambandi sem kallar á aðkomu eftirlitsaðila eru mörkin á milli samvinnu fjármálastofnana um innviði og öryggi annars vegar og samkeppni varðandi framlínuþjónustu hins vegar. Athuganir hafa sýnt að samvinna á milli bankanna um öryggi og innviði sé töluvert minni hér á landi en t.d. á Norðurlöndunum. Að undanförunu hefur í góðu samstarfi þróast sameiginlegur skilningur Samkeppniseftirlits, Fjármálaeftirlits, Seðlabankans og bankanna í þessu efni sem leggur góðan grunn fyrir framhaldið. Dæmi um þetta er að nýlega var settur á fót tímabundinn samstarfsvettvangur bankanna, Reiknistofu bankanna, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans um rekstraröryggi fjármálainnviða.

Fjármálakerfið er meira en bankar, enda er það samsett úr fjármálastofnunum, fjármálainnviðum og fjármálamörkuðum. Kerfisáhætta getur byggst upp á öllum þessum stöðum og stundum magnast í samspilinu á milli þeirra. Ég hef ekki tíma til að fara yfir öll þessi mál svið hér en ítreka að Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn fylgjast með áhættu á öllum þessum sviðum og það er farið ítarlega yfir hana á fundum kerfisáhættunefndar og fjármálastöðugleikaráðs.

Ég get þó ekki yfirgefið umfjöllun um fjármálakerfið án þess að ræða þá miklu endurnýjun fjármálainnviða sem nú stendur yfir og þá gerjun sem er á sviði greiðslumiðlunar enda aðkoma Seðlabankans að þessum þáttum mikil.

Fyrir nokkru er hafin endurnýjun á helstu grunninnviðum sem notaðir hafa verið í þágu íslenska fjármálakerfisins um áratugaskeið. Heildarfjárfestingin er sú stærsta á vettvangi upplýsingatækni fjármálakerfisins frá upphafi. Verið er að fara úr „heimasmíð“ í stöðluð alþjóðleg kerfi. Þau kerfi sem verið er að endurnýja eru innri greiðslukerfi bankanna, millibankagreiðslukerfi Seðlabankans og verðbréfauppgjörskerfi Nasdaq-verðbréfamíðstöðvarinnar.

Margvíslegur ávinningur fylgir nýjum fjármálainnviðum en innleiðingarferlið getur verið áhættusamt, t.d. sakir þess að nýir innviðir verða að tala við gamla meðan á því stendur. Eftirlitsstofnanir fylgjast með þessari áhættu, hún er greind á fundum kerfisáhættunefndar og hún nefnd sem áhættuþáttur í yfirlýsingum fjármálastöðugleikaráðs. Slík áhætta raungerðist að hluta skömmu fyrir áramót. Í framhaldinu var settur upp sá samstarfsvettvangur um rekstraröryggi fjármálainnviða sem ég nefndi áðan. Unnið er að því á margvíslegum vettvangi að lágmarka þá rekstraráhættu sem fylgir yfirstandandi endurnýjunarferli fjármálainnviða.

Á sama tíma og endurnýjun grunninnviða fjármálakerfisins stendur yfir er mikil gerjun í greiðslumiðlun, bæði alþjóðlega og hér á landi, sem á rætur að rekja til nýrra tæknilausna og breytinga á regluverki sem mun örva samkeppni á þessum vettvangi. Þar er meðal annars um að ræða nýja greiðsluþjónustutilskipun Evrópusambandsins sem áformað er að innleiða hér á landi á næstunni. Þá hefur komið fram svokallað sýndarfé sem að einhverju marki er notað sem greiðslumiðill, bæði innan landa og yfir landamæri, og mikil umræða er nú um kosti og galla þess að seðlabankar gefi út rafeyri.

Í ljósi þeirra miklu breytinga sem nú standa yfir á vettvangi greiðslumiðlunar hefur Seðlabankinn áður fjallað um nauðsyn þess að koma á fót varanlegum upplýsinga- og samstarfsvettvangi allra haghafa á því sviði. Seðlabankinn mun á næstunni taka frumkvæði hvað það varðar og stefnir að því að hann geti orðið til fyrir lok þessa árs.

Fyrir utan ritið Fjármálainnviði sem kemur út í júnímánuði mun Seðlabankinn á næstunni gefa út tvær skýrslur sem fjalla um þessi efni. Annars vegar er um að ræða skýrslu um smágreiðslumiðlun frá sjónarhóli viðbúnaðar og fjármálastöðugleika sem m.a. fjallar um notkun debetkorta, samtímauppgjör og mikilvægi virkni rafrænnar greiðslumiðlunar hér á landi, jafnt í meðbyr sem mótbyr. Hins vegar er um að ræða skýrslu sem fjallar um mögulega útgáfu rafkrónu.

Ég ætla ekki að bleyta púðrið of mikið hér en vil þó nefna örfá meginatriði sem halda verður til haga í þessari umræðu. Þau eru í fyrsta lagi mikilvægi samtímauppgjör sem eykur skilvirkni og öryggi. Það hefur einkennt greiðslumiðlun hér á landi í einn og hálfan áratug og þangað eru aðrar þjóðir að reyna að stefna. Það er því lykilatriði að varðveita það í þeim breytingum sem nú standa yfir. Í öðru lagi er það mikilvægi þess að halda aftur af kostnaði í innlandri greiðslumiðlun. Nýjar og fjölbreyttari lausnir sem t.d. vinna beint með grunninnviði fjármálakerfisins eins og innstæður í bönkum og kerfi Reiknistofu bankanna gætu stuðlað að þessu. Í þriðja lagi er það mikilvægi þess að ekki sé hægt að stöðva innlenda greiðslumiðlun í gegnum erlend inngríp af einhverju tagi. Í fjórða lagi er það að til séu varaleiðir í kerfinu ef eitthvað fer úrskaiðis sem gæti kallað á vissa fjölbreytni í greiðslumiðlun sem að hluta nýtti mismunandi tækni. Hér gæti rafkróna m.a. komið til sögunnar. Hún vekur hins vegar stórar spurningar sem þarf að ræða og lúta að möguleikum almennings til að nota rafræna kröfu á Seðlabankann og þar með óbeint á ríkið sem

greiðslumiðil í stað innstæðu í bönkum og þær afleiðingar sem það gæti haft á hlutverk og stöðugleika bankakerfisins. Þetta verður spennandi umræða og hún er rétt að hefjast.

Ég vil að lokum þakka bankaráði og peningastefnunefnd samstarf á liðnu ári, hinum margvíslegu samstarfsaðilum Seðlabankans þakka ég einnig fyrir samvinnuna, ekki síst forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og Fjármálaeftirlitinu. Þá þakka ég þeim fjármálastofnunum sem eiga viðskipti við Seðlabankann fyrir samstarfið. Einnig vil ég þakka samstarfið við Alþingi, einkum efnahags- og viðskiptanefnd. Síðast en ekki síst vil ég þakka starfsfólki Seðlabankans fyrir mikið og árangursríkt starf á liðnu ári.